Skýrsla Menntanefndar LH 2026

Í menntanefnd LH sitja: Friðdóra Friðriksdóttir, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Karen Woodrow, Herdís Reynisdóttir, Reynir Atli Jónsson og Þórir Magnús Lárusson en formaður nefndar er Mette Mannseth. Katla Gísladóttir hefur komið inn sem starfsmaður LH, einnig er Berglind Karlsdóttir með alla sína reynslu mikilvæg að vera okkur innan handa.

Reiðkennari ársins 2025

Nefndin sá um að tilnefna Heklu Katharínu Kristínsdóttir fráfarandi þjálfara U21 landsliðs Íslands í hestaíþróttum sem reiðkennara ársins á Íslandi 2025. Hún var þar með tilnefning Íslands fyrir í kosningu FEIF um “Trainer of the year 2025”.

Hekla kemur úr mikilli hestafjölskyldu og hefur verið virk bæði á keppnisbrautinni frá unga aldri, sem og sem reiðkennari alla tíð frá útskrift hennar á Hólum 2012. Hún rekur ásamt fjölskyldu sinni hestamiðstöð að Árbæjarhjáleigu og starfar alfarið sem hrossaræktandi, reiðkennari, tamningakona og þjálfari og kennir bæði á Íslandi og erlendis. Hekla hefur verið tilnefnd nokkrum sinnum innan Íslands til þessa titils enda bæði vinsæl og farsæl í sínu starfi. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Hekla Katharina tilkomumikla ferilskrá sem inniheldur m.a. fjölda Íslandsmeistara- og Landsmótstitla, Heimsmeistaratitil og fjölmargar flottar kynbótasýningar. Einnig hefur hún starfað sem reiðkennari við Háskólann á Hólum og reiðkennari við Reiðmanninn hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.
Hekla Katharina hefur á sínum árum með U21 landsliðinu markað djúp spor í starf landsliðsins með fagmennsku og frábæru utanumhaldi. Árangur ungra knapa á stórmótum fyrir Íslands hönd undir stjórn Heklu hefur verið frábær, og er þar skemmst að minnast þess að íslensk ungmenni úr liði henna unnu 7 af 9 mögulegum gullverðlaunum á Heimsmeistaramótinu í Sviss á árinu, og lögðu sannarlega sitt að mörkum við að endurheimta liðabikarinn sem kominn er í hendur Íslands á nýjan leik.

Matrixa FEIF

Menntanefndar FEIF sendi öllum menntanefndum innan hinna ýmsu FEIF landa drög að uppfærðri Matrixu og bað um innlegg. Menntanefnd LH fór yfir Matrixuna og sendi inn tillögur sem vel var tekið í og eru nú partur af Matrixunni. Þessi Matrixa er á lokametrunum í uppfærslunni að þessu sinni og verður kynnt á aðalfundi FEIF í lok janúar.

Alþjóðleg menntaráðstefna 2026

Langmesta vinna nefndarinnar fór í að skipuleggja og útfæra Menntaráðstefnu Feif og LH sem fór fram í Skagafirði 23.-25. september í samstarfi við Háskóla Íslands á Hólum.
Þema ráðstefnunar var "Transitions" eða "skiptingar". Það er gangskiptingar og skiptingar innan gangtegunda. Þema sem mikið hefur verið rætt undanfarin ár í sambandi við keppni og kennslu á íslenskum hestum.

Ráðstefnan var vel sótt og fyrir utan120 þátttakendur voru um 20 starfsmenn og aðstoðarmenn ásamt 55 nemendum Hólaskóla. Ráðstefnan var samstarf LH og Hólaskóla þar sem hálfur dagur og kvöldverður var á Hólum.
Frummælendur ráðstefnunar voru Árni Björn Pálsson, Eyjólfur Ísólfsson, Mette Mannseth, Sigríður Björnsdóttir og Þórarinn Eymundsson. Fyrir utan þau Þórarinn og Mette stóðu reiðkennarar á Hólum, þeir Ísólfur Líndal, Þorsteinn Björnsson og Guðmar Freyr Magnússon, fyrir fræðslunni þar, en Víkingur Gunnarson Deildarforseti hestafræðideildar fjallaði um hlutverk Háskóla. Nemendur af öllum árum sýndu hesta á öllum tamningastigum.
Herdís Reynisdóttir var aðalmiðlari á ráðstefnunni. Hún sá um að koma spurningum áhorfenda á framfæri til frummælenda, halda utan um tímasetningar og hlé sem og að stjórna pallborðsumræðum.

Símenntunarkerfi þjálfara og reiðkennara LH

FEIF gerir lágmarkskröfur til símenntunnar til að halda sér á lista FEIF yfir þjálfara og reiðkennara. Símenntunarreglur Menntanefndar LH eru birtar á heimasíðu LH undir “Menntun” https://www.lh.is/endurmenntun. Menntanefnd hefur bætt upplýsingar um auknar kröfur til endurmenntunnar, og þarf að halda því áfram. Unnið er í að koma boðleiðum og kerfi í kringum það í góðan farveg innan skrifstofu LH.

Þjálfarastig LH

Þjálfarastig LH eru í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum. Hægt er að lesa um það á heimasíðu LH undir **“**Menntun” https://www.lh.is/%C3%BEj%C3%A1lfarastig-lh . Á hverju ári bætast inn 15-20 með Þjálfarastig 5 eftir þriggja ára BS–nám í Reiðmennsku og Reiðkennslu á Hólum.

Menntakerfi LH

Grunnurinn að menntakerfi LH er að hvetja til menntunar og tryggja að bak við hvert stig liggur raunveruleg þekking og geta. https://www.lh.is/menntun.

Hlutverk Menntanefndar

Í upphafi árs kom ný lýsing á hlutverki og vinnureglum Menntanefndar LH:

Helstu verkefni nefndarinnar eru:
● Að fjalla um þau mál sem stjórn LH vísar til hennar
● Nefndin skal jafnan hafa hliðsjón af reglum ÍSÍ og FEIF og öðrum reglugerðum sem LH hefur samþykkt
● Að halda staðfesta endurmenntun reiðkennara
● Að halda utan um lista íslenskra reiðkennara á reiðkennaralista FEIF
● Að halda utan um þjálfarastig LH í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann á Hólum
● Að standa fyrir rafrænni endurmenntunarráðstefnu a.m.k. annað hvert ár
● Nefndin hefur frumkvæðisrétt að málefnum sem undir hana heyra

● Að skila ársskýrslu til skrifstofu LH tveimur vikum fyrir formannafund annað árið og landsþing hitt árið
● Að yfirfara reglugerð þessa árlega og koma með athugasemdir til stjórnar LH ef einhverjar eru

Framundan

Framundan mun Menntanefnd LH halda áfram að standa undir kröfum um símenntun, bæði frá FEIF og ÍSÍ.
Kynna þarf þjálfarastig LH betur fyrir almenningi, hestamannafélögum sem og framhaldsskólum, og stuðla að að það verði notað. Einnig þarf að kynna nýuppfærða Matrixu FEIF.
Áfram eru tekin fyrir erindi sem berast varðandi símenntun og fleira.

Fyrir hönd Menntanefndar LH
Mette Mannseth